



[Am]Fann ég á [Dm]fjalli [Am]fallega [E]stei[Am]na  
faldi þá [Dm]alla [Am]vildi þeim [E]leyn[Am]a,  
huldi þar í [Dm]hellisskúta [E]heillasteina  
[Am]alla mína [Dm]unaðslegu [Am]ósk[Dm]a[Am]steina.



[Am]Langt er nú [Dm]síðan [Am]leit ég þá [E]stei[Am]na  
lengur ei [Dm]man ég [Am]óskina [E]nein[Am]a  
er þeir skyldu [Dm]uppfylla um [E]ævidaga  
[Am]ekki frá því [Dm]skýrir þessi [Am]litl[Dm]a [Am]saga.



[Am]Gersemar [Dm]mínar [Am]græt ég ei [E]leng[Am]ur  
geti þær [Dm]fundið [Am]telpa eða [E]dreng[Am]ur  
silfurskæra [Dm]kristalla með [E]grænu og gráu  
[Am]gullna roða[Dm]steina rennda [Am]fjól[Dm]u[Am]bláu.

